

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 27. nóvember kl. 13:00 var haldinn 345. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 343 og 344 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.

2. Klukkan 13:00 mættu Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Örnú Vigdísí Jónsdóttur og Bryndísí Maríu Leifsdóttur og gerðu grein fyrir 9 mánaða uppgjöri og fjármögnun. Umræður.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða.

Rekstraráhættuskýrsla samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. 11. 2023 lögð fram.

3. Klukkan 13:45 mættu Helga Kristín Jóhannsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri Jarðhitagarðs og Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og greindu frá verkefnum í Jarðhitagarði ON. Umræður.

Guðveig Eyglóardóttir mætti til fundarins kl 14:00.

4. Klukkan 14:05 lagði Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri fram og kynnti drög að skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Afgreiðslu frestað.

5. Klukkan 14:15 mætti Þráinn Friðriksson, leiðtogi hitaveitu hjá Rannsóknnum og nýsköpun til fundarins og greindi frá stefnuverkefni um framtíðarsýn forðamála í Rangárveitu. Umræður. Þráinn yfirgaf fundinn kl. 14:45.

6. Klukkan 14:45 mætti fulltrúi KPMG, Steinþór Pálsson til fundarins og gerði ásamt forstjóra grein fyrir stöðunni í stefnumótun að teknu tilliti til umræðna stjórnar.

Steinþór Pálsson yfirgaf fundinn klukkan 15:10.

Þá mættu til fundarins Hólmfríður Haraldsdóttir, sérfræðingur í orkumiðlun, Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri og Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri frá Orku náttúrunnar og gerðu grein fyrir minnisblöðum um orkuskort og um eftirspurn eftir raforku. Umræður um stefnumörkun stjórnar.

Hólmfríður, Margrét og Árni yfirgáfu fundinn kl 16:00.

7. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 23. 11. 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. 11. 2023.

8. Lagðar fram að nýju frá síðasta fundi, dags. 28. 10. 2023, arðsemisstefna, arðgreiðslustefna og áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur.

Arðssemis- og áhættustefna lögð fram og rýnd. Lagt til að stefnurnar séu samþykktar óbreyttar. Samþykkt samhljóða.

Arðgreiðslustefna lögð fram með tillögu um breytingu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Jafnframt voru lagðar fram til staðfestingar stefnur um upplýsingaöryggi og persónuvernd og upplýsingatæknistefna.

Stefnurnar rýndar og samþykktar óbreyttar.

9. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 31.10.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 21.09.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 22.11.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 11.10.2023*

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. 11. 2023. Umræður.

11. Önnur mál.

- Forstjóra er veitt umboð til að boða reglulegan eigendafund að höfðu samráði við handhafa eigendavalds um tímasetningu.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:43.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 18. desember 2023.**

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.